



HANDBÓK FORELDRA

Frístundaheimilið Skólasel

Skólaárið 2018-2019

Kæra foreldri/forráðamaður!

Það er stórt skref að byrja í grunnskóla, og fyrir mörg börn eru frístundaheimili fastur hluti af skóladeginum.

Hlutverk Skólasels er að mæta þörfum fjölskyldna í sveitarfélögunum og skapa yngstu nemendum Grunnskólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur þar sem þeir taka þátt í skipulögðum tómstundum, frjálsum leik úti og inni og hvíld.

Í þessu skjali er að finna gagnlegar og mikilvægar upplýsingar um starfsemi frístundaheimilisins Skólasels, ásamt leiðbeiningum til að tryggja farsælt og öruggt samstarf starfsfólks og heimila.

Við bjóðum barnið þitt velkomið í Skólasel og vonum að dvölin verði ánægjuleg.

Markmið Skólaselsins eru:

- Að skapa börnunum öruggt, hlýlegt og notalegt umhverfi þar sem þau fá notið sín í leik og starfi.
- Að gefa börnunum tækifæri til að leika í frjálsum leik með félögum sínum en þó í vernduðu umhverfi.
- Að gera börnunum kleift að stunda tónlistarnám á viðverutíma.
- Að gera börnunum kleift að stunda tómstundir á viðverutíma.
- Að stuðla að því að börnin upplifi sig á jákvæðan hátt og fái aukið sjálfstraust.
- Að efla hreyfi- og tjáningarfærni barnanna.
- Að stuðla að því að börn upplifi íþróttir sem jákvæða og ánægjulega reynslu.

Frístundaheimilið Skólasel

Breiðumörk 27a, 810 Hveragerði, Sími (eftir kl. 12.00): 483 4095

Netfang (fyrir skráningar, breytingar og fjarvistatilkynningar): skolasel@hveragerdi.is

Forstöðumaður: Elín Esther Magnúsdóttir eline@hveragerdi.is / 694 7614

Að sækja um pláss

Sótt er um pláss með því að fylla út umsóknareyðublað og senda á skolasel@hveragerdi.is

Til að sækja um pláss fyrir upphaf næsta skólaárs þarf umsóknin að berast fyrir 20. maí sama ár. Á sama tíma geta foreldrar barna sem eru að byrja í 1. bekk skráð þau í Sumarfrístund, síðustu vikuna áður en skólastarf hefst (nánar í sér kafla um sumarfrístund).

Sé sótt um pláss eftir að starf byrjar að hausti þarf að skila umsókninni fyrir þann 20. viðkomandi mánaðar og tekur umsóknin þá gildi um næstu mánaðamót. Athugið að ekki er hægt að taka við börnum í miðjum mánuði.

Sé óskað eftir breytingu á skráningu (t.d. að auka eða minnka dvalartíma) skal skila nýrri umsókn fyrir þann 20. viðkomandi mánaðar og taka breytingar þá gildi um næstu mánaðamót.

Mikilvægt er að fylla út alla reiti í umsókninni sem við á, svosem varðandi íþróttá- og frístundaiðkun, dvalartíma, ofnæmi og greiningar.

Skila þarf inn nýrri umsókn fyrir hvert skólaár, með öllum upplýsingum.

Athugið að sækja þarf sérstaklega um dvöl á frídögum Grunnskólans (nánar í sér kafla um opnunartíma).

Uppsögn þjónustu

Sé óskað eftir uppsögn á þjónustu Skólasels skal foreldri (sem er skráð sem greiðandi í umsókn) gera það skriflega á skolasel@hveragerdi.is, í síðasta lagi 20. hvers mánaðar og tekur uppsögn þá gildi um næstu mánaðamót.

Forgangur

Ef á þarf að halda gilda reglur um forgangsröðun barna:

a) Börn einstæðra foreldra og fötluð börn. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila fylgi með umsókn fatlaðra barna.

b) Börn sem búa við félagsleg/andleg eða líkamleg frávik en eru ekki greind fötluð. Óska má eftir vottorði frá til þess bærum sérfræðingi. Einnig falla hér undir börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður að mati sérfræðinga.

c) Börn námsmanna, séu báðir foreldrar í fullu námi. Vottorð skóla þarf að fylgja umsókn.

Opnunartími

Skólaselið er opið frá því að grunnskóla lýkur og til 17.00.

Á frídögum í Grunnskólanum (starfsdögum, foreldradögum og hluta af páska- og jólafríum) er Skólaselið opið 08.00-17.00 (lengri opnun). **Sækja þarf sérstaklega um dvöl þá daga og er greitt fyrir hana sérstaklega.**

Skólasel er lokað í vetrarfríum Grunnskólans. Þá eru skipulagsdagar starfsfólks í Skólaselinu. Einnig er lokað í Skólaselinu hluta af páskafríi og jólafríi.

Starfsemi Skólaselshafst mánudag fyrir skólasetningu að hausti, og lýkur síðasta kennsludag að vori.

Skólaárið 2018-19 er lengri opnun (kl. 8.00-17.00) eftirtalda daga:

13.-17. ágúst	Sumarfrístund fyrir 1. bekk
20. og 21. ágúst	Skólasetning og dagur fyrir skólasetningu
10. september	Foreldradagur
5. október	Skipulagsdagur
15. nóvember	Skipulagsdagur
19. desember	Litlu jólin
20. desember	Kertadagur
21., 27. og 28. desember	Jólafrí Grunnskóla
2. janúar	Jólafrí Grunnskóla
14. janúar	Skipulagsdagur
17. janúar	Foreldradagur
25. mars	Skipulagsdagur
15., 16. og 17. apríl	Páskafrí
23. maí	Skipulagsdagur
29. maí	Foreldradagur
31. maí	Skólaslit

Athugið að sækja þarf sérstaklega um dvöl þessa daga, og er greitt fyrir hana sérstaklega.

Skilafrestur umsókna fyrir lengri opnun er alla jafna á hádegi, föstudag fyrir umræddan dag. Skilafrestur umsókna fyrir Skólafrístund er 10. ágúst.

Skólaárið 2018-19 verður lokað í Skólasetrinu eftirtalda daga:

18. og 19. október	Vetrarfrí Grunnskóla - skipulagsdagar Skólaselshafst
7. og 8. mars	Vetrarfrí Grunnskóla - skipulagsdagar Skólaselshafst
Allir „rauðir dagar“	

Sumarfrístund

Síðustu vikuna fyrir skólasetningu er boðið upp á heilsdagstarf fyrir börn sem eru að byrja í 1. bekk. Þá er Skólasel opið frá kl. 8 til 17 og starfsfólk sér um léttu dagskrá, kynsir húsnæði og fyrirkomulag fyrir nemendum, auk þess að sjá þeim fyrir hádegismat og síðdegishressingu (börnin þurfa sjálf að koma með morgunhressingu).

Nauðsynlegt er að skrá börn fyrirfram í sumarfrístund, með því að senda tölvupóst á skolasel@hveragerdi.is.

Starfsfólk

Í Skólaseili vinna bæði frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúar (sem starfa t.d. með börnum með sjúkdóma eða þroskafrávik). Leitast er við að hafa starfsmannahópinn fjölbreyttan og að veita starfsfólki þjálfun og fræðslu sem nýtist þeim í starfi, t.d. er varðar öryggismál, samskipti og hegðun barna, skyndihjálp, þroska barna og fleira.

Matur og hressing

Ef barn er skráð lengur en til 14.30 í Skólaseilið er það sjálfkrafa skráð í síðdegishressingu. Boðið er upp á brauð, fjölbreytt álegg og ávexti. Þegar tilefni er til er stundum líka boðið upp á djús, popp, saltstangir, kökusneiðar, kakó eða annað í þeim dúr.

Á lengri dögum (frídögum Grunnskólans) er einnig boðið upp á léttan hádegisverð, auk síðdegishressingar. Á þeim dögum þurfa börnin sjálf að koma með nesti fyrir morgunhressingu. **ATH - vinsamlegast athugið að hnetur, möndlur og aðrir ofnæmisvakar eru stranglega bannaðir í nesti barnanna!** Greitt er fyrir mat og hressingu skv. gjaldskrá.

Gjald

Greitt er fyrir pantaðan dvalartíma, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Greiða þarf lágmarksgjald á mánuði samkvæmt verðskrá og er það miðað við 30 klukkustundir. Greitt er sérstaklega fyrir hverja klukkustund umfram það, samkvæmt skráningu.

Greitt er fyrir síðdegishressingu ef barn er skráð lengur en til 14.30.

Núgildandi verðskrá:

Hver klukkustund í Skólaseili:	210 kr
Síðdegishressing:	130 kr. á dag.
Hádegisverður (lengri opnun):	390 kr. á dag.

Gjald fyrir Skólaseil er innheimt í heimabanka um hver mánaðamót. Athugið að óska þarf sérstaklega eftir því að fá systkinaafslátt af þjónustunni. Slíkum óskum er komið á framfæri á bæjarskrifstofunni.

Mæting

Að loknum skóladegi í Grunnskólanum ganga börnin sjálf í Skólaseilið. Fyrstu dagana er nýjum nemendum í 1. bekk fylgt á milli húsa til að þau læri leiðina. Eftir það sér starfsmaður („útlagi“) um að aðstoða 1. bekk við gangbrautina á Breiðumörk, og kennir þeim að gæta sín á umferðinni.

Annar starfsmaður („sendiherra“) merkir við þegar börnin koma í Skólaseilið og grennslast fyrir um þau börn sem skila sér ekki. Sendiherrann sér líka um að

senda í frístundir (sjá nánar í sér kafla) og að merkja börnin út þegar þau eru sótt eða fara heim.

Mikilvægt er að tilkynna veikindi og fjarvistir á netfangið skolasel@hveragerdi.is fyrir kl. 12.00 samdægurs, EÐA í síma 483 4095 eftir kl. 12.00.

Athugið að fjarvistaskráning í Grunnskólanum skilar sér ekki sjálfkrafa í Skólasel.

Frístundir

Starfsfólk Skólasels skiptast á að gegna stöðu “sendiherra”. Hann sér meðal annars um að senda börn í frístundir, svo sem í tónlistarskóla og íþróttir, og fylgjast með að þau skili sér til baka.

Ekki er boðið upp á fylgd í og úr tómstundum, en börn sem sækja æfingar í Hamarshöllina fara með rútu.

Það er á ábyrgð foreldra að láta starfsfólk Skólasels vita af réttum æfingartímum hjá sínum börnum, sem og allar breytingar sem þar kunna að verða á.

Brottför

Gengið er út frá því að öll börn séu sótt í Skólaselið á hverjum degi.

Foreldrar geta skráð börnin sín á “ganga heim” listann, og mega börnin þá ganga sjálf heim á hverjum degi, í lok dvalartíma.

Öll frávik frá þessu (börn sem eiga að vera sótt mega labba, börn sem mega labba verða sótt) þurfa foreldrar að tilkynna í hvert sinn, samdægurs, annaðhvort í tölvupósti eða í síma.

Sömuleiðis þurfa foreldrar að tilkynna samdægurs ef einhver annar sækir barnið.

Börn eru sótt við vestur-innganginn á húsinu (sem snýr að kirkjunni).

Starfsfólk aðstoðar foreldra við að finna barnið og senda það að útgangi, en foreldrar mega líka ganga um húsið og finna sitt barn. Ekki er haldin sérstök skrá yfir hvar í húsinu hvert barn er á hverjum tíma, þar sem þeim er að mestu leiti frjálst að flakka um húsið yfir daginn.

“Sendiherra” skráir börnin út við brottför. Mikilvægt er því að tilkynna sendiherra þegar barn er sótt. Vegna erils er ekki mælt með því að gefa sendiherra upplýsingar fyrir næsta dag við það tækifæri, heldur nota tölvupóst eða símtal samdægurs.

Vinsamlegast virðið skráðan dvalartíma og sækid börnin á réttum tíma.

Símtöl

Börnum er ekki heimilt að nota síma í Skólaselinu. Þau börn sem eru með síma á sér skulu hafa hann í vasanum eða töskunni öllum stundum.

EKKI er gert ráð fyrir því að börnin hringi heim úr Skólaselinu, nema í neyðartilfellum (veikindi, mikil vanlíðan o.þ.h.). Í slíkum tilfellum hringir starfsmaður úr vinnusíma, gefur upplýsingar og leyfir barninu að tala við foreldri ef við á.

Símtöl úr Skólaseili hafa truflandi áhrif, bæði á starf líðandi stundar og þá sem hringt er í, og því er stefnan að halda þeim í algjöru lágmarki.

Í því samhengi er rétt að mæla með því að leikhittingar séu skipulagðir deginum áður, eða þegar börnin eru sótt í Skólaseilið.

Starfið

Reikna má með að fyrstu vikunar að hausti sé skipulögð dagskrá í Skólaselinu í lágmarki. Starfið einkennist þá af frjálsum leik og börnin nota tímann til að kynnast starfsfólkinu og hvort öðru.

Þegar þeim tíma lýkur fellur starfið í fastari skorður. Dagurinn byrjar þá á vali, þar sem börnin velja sér smiðju til að vera í fram að síðdegishressingu. Starfsmaður leiðir starfið í hverri smiðju sem einkennist að miklu leiti að frjálsu vali í bland við verkefni eða leiki sem starfsmaður sér um.

Eftir síðdegishressingu er svo frjálst val, og geta börnin þá flakkað á milli smiðja.

Smiðjurnar eru:

Listasmiðja	Þar fer fram föndur, myndlist, perlun og önnur listsköpun
Spilasmiðja	Þar er hægt að spila borðspil, lesa blöð og bækur, fara í íþróttaleiki o.fl.
Leiksmiðja	Þar er boðið upp á margs konar leikföng, kubba, leikhús o.fl.
Útisvæði	Á útisvæðinu eru leiktæki, leikföng, hjólastígur og sleðabrekka. Starfsmaður fer reglulega í gönguferðir með börnin. Þeir sem velja útisvæði hafa einnig aðgang að miðjurými (salnum) til að hlýja sér.
Eldhús	Börnin hjálpa til við að baka brauð og reiða fram síðdegishressingu

Til viðbótar við fastar smiðjur geta börnin skráð sig í klúbba. Í hverjum klúbbi er einblínt á sérstakt verkefni eða viðfangsefni, svosem tilraunir, útivist, myndlist, leiklist eða annað. Hver klúbbur hittist þrisvar sinnum (einu sinni í viku) með starfsmanni sem skipuleggur samfellda og stígjandi dagskrá. Fjöldi þeirra sem geta skráð sig í hvern klúbb er takmarkaður, en þeir sem komast ekki að fara í forgang þegar sami klúbbur verður keyrður aftur, 3-6 vikum síðar. Klúbbarnir

hittast á mismunandi tímum, í þeirri smiðju sem hæfir best viðfangsefni hvers klúbbs, og er viðkomandi smiðju lokað á meðan. Aðrar smiðjur eru opnar á meðan, svo allir geta fundið sér eitthvað að gera.

Á föstudögum byrjum við daginn á föstudagsbíói. Þá horfa þeir sem vilja á eina bíómynd/teiknimynd.

Þá daga sem er lengri opnun horfum við oft líka á bíó, en þá daga er starfið frjálst en á hefðbundnum dögum.

Ekki er gert ráð fyrir sjónvarpsáhorfi aðra daga, og ekki er boðið upp á tölvunotkun í Skólaseli. Við hlustum hins vegar oft á tónlist.

Líðan og hegðun

Yfirleitt ganga öll samskipti vel í Skólaselinu. Mikilvægur hluti af þroskaferli barna er að læra að taka tillit til annarra, og það getur tekið tíma að slípa til samskiptafærni þannig að allt gangi hnökralaust.

Í Skólaselinu er mikið lagt upp úr því að kenna börnunum að bregðast rétt við ef þeim mislíkar eitthvað, og að koma vel fram hvort við annað. Engu að síður koma einstaka sinnum upp tilfelli þar sem börn missa stjórn á skapi sínu eða þeim lendir saman við önnur börn. Fyrstu viðbrögð starfsfólks eru að ræða við börn sem hlut eiga að máli, sitt í hvoru lagi, og gefa þeim kost á að útskýra sína hlið. Eftir það er rætt um hvernig hefði verið hægt að bregðast öðruvísi við og börnin hvött til að sættast.

Ef um alvarleg atvik eða meiðingar er að ræða er foreldrum beggja tilkynnt um málið. Í einstaka tilfellum getur starfsfólk þurft að hafa samband við foreldra og biðja um að barn sé sótt vegna alvarlegrar hegðunar eða uppákomu.

Foreldrar eru hvattir til að deila með starfsfólki upplýsingum um líðan, heilsu eða aðstæður barnsins, ef ástæða er til, svo auðveldara sé að stuðla að vellíðan þess.

Útbúnaður barnsins

Í Skólaseli leika börnin bæði úti og inni. Því er nauðsynlegt að barnið komi ávallt búið eftir veðri, s.s. með yfirhafnir, stígvél, húfur og vettlinga í votu veðri og kulda. Það er góð hugmynd að láta merktan íþróttapoka með aukafötum, s.s. hreinum sokkum, buxum og peysu, hanga á snaga barnsins.

Foreldrar og börn eru vinsamlegast beðin um að skilja ekkert eftir í Skólaselinu við brottför á föstudögum, til að hægt sé að þrifa andyrin vel.

Við bendum foreldrum á að merkja vel föt og eigur barna sinna. Á hverjum vetri safnast upp mikið af óskilamunum í Skólaselinu. Því hvetjum við foreldra eindregið til að koma reglulega við og leita í óskilamunum þó einskis sé saknað. Oft finnst eitthvað sem hefur gleymst.

Á vorin eru óskilamunir sem enginn vitjar sendir til Rauða Krossins.

PRENTLEIÐBEININGAR

(ekki prenta þessa síðu)

Veljið A4, portrait og að prenta tvær síður á hvert blað.

Byrjið á: 8,1

Takið svo blaðið (án þess að snúa því) og setjið aftur í bakkann.

Prentið: 2,7

Á næsta blað skal prenta: 4,5

Taka svo blaðið (án þess að snúa því) og setja aftur í bakkann.

Prenta: 6,3

Brjóta saman.